

Nr. 41/1880

Kaupmaður Símon Jónsen
 gegn
 Sigurði járnsmið Jónssyni

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað af Símoni Jónsen, konsúl og kaupmanni hjer í bænum, til rjettlættingar á forboði, er hlutaðeigandi fógæti eptir kröfu hans hafði gjört 3. aprílmán. þ. á. gegn því, að Sigurður Jónsson, járnsmiður hjer í bænum, gjörði jarðrask á stakkstæði norður undan húseigninni Nr. 9 í Hafnarstræti, sem Símon kaupmaður Jónsen álitur sig vera eiganda að, en sem byggingarnefnd Reykjavíkurkaupstaðar 14. febr. næst á undan hafði útmælt á hússtæði handa Sigurði járnsmið. Var dómur kveðinn upp í því máli fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur 15. júlímán. þ. á. með þeim úrslitum, að nefnt fógætabann skyldi úr gildi numið, og að Símon kaupmaður Jónsen skyldi greiða Sigurði Jónssyni 20 kr. í málskostnað. Þessum dómi hefur Símon Jónsen áfrýjað til yfirdómsins og krafizt, að fógætabannið verði staðfest, og að hinn stefndi Sigurður Jónsson verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum rjettum með 50 krónum eða einhverju nægilegu eptir rjettarins mati; þar að auki hefur áfrýjandinn krafizt, að Justitiarius Jón Pjetursson víki úr dómarasæti í þessu máli. Hinn stefndi befur aptur á móti krafizt, að undirrjettardómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandinn einnig verði dæmdur til að borga hæfilegan málskostnað fyrir yfirdóminum.

Þar sem áfrýjandinn hefur krafizt, að Justitiarius Jón Pjetursson víki úr dómarasæti í þessu máli, og byggt þá kröfu sína á því, að hann hafi gefið út afsalsbrjef til föður áfrýjandans fyrir húseigninni Nr 9 í Hafnarstræti ásamt stakkstæði því, sem hjer er ágrein-

ingsefni, og í annan stað á því, að samskonar mál og þetta, sem höfðað sje gegn systkynasonum konu Justitiarii, muni seinna koma fyrir yfirdóminn, þá fær yfirdómurinn ekki sjed, að Justitarius sje í minnsta máta við riðinn við þetta mál, þó að hann hafi fyrir 28 árum sem settur bæjarfógeti gefið út afsalsbrjef fyrir nefndri húseign til föður áfrýjandans sem hæstbjóðanda á uppboði, sem hinn reglulegi bæjarfógeti hafði haldið 4 árum áður samkvæmt beiðni skiptarjettarins, og því síður getur sá mögulegleiki komið til greina, að annað mál um stakkstæði, sem á að vera höfðað gegn frændum konu Justitiarii, en sem er þessu máli alveg óviðkomandi, kunni á sínum tíma að koma fyrir yfirdóminn; þessi krafa áfrýjandans getur því ekki komið til greina.

Að því er kemur til málefnsins sjálfs, þá er það löglega sannað af áfrýjandanum, að hann, sem er eigandi að húseigninni Nr. 9 og 10 í Hafnarstræti, og faðir hans á undan honum, hafi í yfir 30 ár óátalið notað sem sína eign stakkstæði það, sem liggur norður undan húseigninni Nr. 9 hinu megin götunnar. Áfrýjandinn hlýtur því að skoðast sem eigandi að nefndu stakkstæði gagnvart hverjum þeim, sem ekki sannar lögmæta eignarheimild að því. Hinn stefndi byggir aptur á móti tilkall sitt til stakkstæðisins á því, að byggingarnefnd kaupstaðarins hafi útmælt sjer hússtæði á því og bæjarstjórnin samþykkt útmælinguna, jafnframt og hún ljet það álit í ljósi, að stakkstæðið heyrði bænum til, en ekki neinum einstökum manni.

Að því er snertir útmælingu byggingarnefndarinnar, þá getur hinn stefndi ekki byggt neitt á henni gegn eignarumráðum áfrýjandans yfir hinu umþráttða stakkstæði, því í útmælingargjörðinni er beinlínis gengið út frá, að áfrýjandinn sje eigandi að lóð þeirri, sem

útmæld var, og þar er tekið fram, að hann hafi gefið hinum stefnda leyfi til að byggja hús á lóðinni, en eftir því sem áfrýjandinn hefur borið fram, og því hefur hinn stefndi ekki mótmælt, var það leyfi frá hálfu áfrýjandans bundið því skilyrði, að hinn stefndi borgaði honum ákveðið kaupverð fyrir lóðina, en það skilyrði hefur hinn stefndi neitað að uppfylla. Þar sem bæjarstjórnin þarnæst hefur samþykkt útmælingu byggingarnefndarinnar, þá getur það samþykki ekki haft meiri þýðingu í þessu efni en útmælingin sjálf, og þó bæjarstjórnin jafnframt hafi látið það álit sitt í ljósi, að stakkstæðið væri eign kaupstadarins, en ekki áfrýjandans, þá er það ljóst, að álit bæjarstjórnarinnar ekki er næg sönnun fyrir eignarrjetti bæjarins til stakkstæðisins, heldur verður bæjarstjórnin, ef hún vill gjöra tilkall til þess fyrir bæjarins hönd, að fylgja því tilkalli fram gegn áfrýjandanum á löglegan hátt, en allt þangað til bærinn hefur sannað eignarheimild sína til stakkstæðisins, hlýtur áfrýjandanum að vera heimilt að banna bæði honum og hverjum öðrum öll afnot stakkstæðisins, sem koma í bága við eignarumráð áfrýjandans.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, virðist áfrýjandinn hafa haft fulla heimild til að gjöra fógetabann það, sem mál þetta er útaf risið, og ber því að staðfesta það, en málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Fógetabann það, sem gjört var af fógetarjetti Reykjavíkur 3. aprílmán. þ. á., á óraskað að standa.
Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður.